

Lífeyrisréttindi á milli landa með áherslu á EES- samninginn

Hádegiserindi fyrir Landssamtök Lífeyrissjóða



EES-samningurinn og frjáls för launafólks:

- Hinn innri markaður grundvallast á reglunum um fjórfrelsið (frjáls flæðis vöru, launþega, þjónustu og fjármagns).
- Frelsi launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að flytja og starfa innan aðildarríkja ESB og EES er ein af grundvallarreglum innri markaðarins.
- Í dag geta ríkisborgarar 28 ríkja innan ESB og ríkisborgarar EFTA unnið og starfað í hvaða landi sem er (27 post Brexit).



Réttindi sem falla undir EES-samninginn á sviði almannatrygginga

- 29. gr. EES-samningsins. VI. viðauki (félagslegt öryggi)
- EB reglugerð nr. 883/2004 (grunnreglugerð)
- EB reglugerð nr. 987/2009 (framkvæmdareglugerð)
- Gerðirnar taka til eftirtalinna atriða:
 - Sjúkrabætur, bætur til mæðra vegna meðgöngu og fæðingar og jafngildar bætur til feðra, **örorkubætur**, **bætur vegna elli**, bætur til eftirlifenda, bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, styrki vegna andláts, atvinnuleysisbætur, bætur sem eru veittar áður en eftirlaunaaldri er náð og fjölskyldubætur.



Hvað hafa reglugerðirnar í för með sér:

- Með EES- reglunum um almannatryggingar er hvorki samið um að almannatryggingaréttindi í aðildarríkjunum skuli vera eins né eru þau sameinuð.
- Þó eru sameiginlegar reglur til að vernda almannatryggingarréttindi á milli EES-landa.
- Kemur ekki í stað innlendra kerfa með einu evrópsku kerfi.
- EES-ríki ákveða sjálf hverjir eiga að vera tryggðir samkvæmt löggjöf þess og með hvaða skilyrðum.



Hverjir falla undir reglugerðirnar:

- Ríkisborgarar aðildarríkja, ríkisfangslausra einstaklinga og flóttamanna sem eru búsettir í aðildarríki og hafa heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda.
- Taka einnig til einstaklinga sem eru tryggðir í aðildarríki en hafa ekki verið á vinnumarkaði (e. *non-active persons*).
- Þær gilda **ekki** um félagslega aðstoð og læknishjálp eða bótakerfi fyrir fórnarlömb stríða eða afleiðingar þeirra.
- Reglugerð um útvíkkun gildissviðs almannatryggingareglugerðanna til ríkisborgara utan ESB hefur ekki verið innleidd þar sem hún telst vera utan gildissviðs EES-samningsins.



Fjórar meginreglur :

1. Ríkisborgarar eins aðildarríkis njóta jafnræðis í öðru aðildarríki á við ríkisborgara þess ríkis. (e. *principle of equal treatment or non-discrimination*)
2. Einstaklingar eiga aðeins að heyra undir löggjöf eins aðildarríkis á hverjum tíma. (e. *principle of single applicable law*)
3. Tryggingastofnanir í aðildarríkjunum skulu taka til greina samanlögð tryggingartímabil eða starfstímabil fyrri búsetu- eða starfslanda. (e. *principle of aggregation of periods*)
4. Greiðslur þeirra bótaflokka sem reglugerðirnar taka til haldast þótt flutt sé til annars aðildarríkis. (e. *principle of the exportability of benefits*).



Hvaða réttindi tryggja reglugerðirnar:

- Að aðildarríki varðveiti tryggingarupplýsingar um einstakling sem búsettur er/var í landinu.
- Að aðildarríki reikni saman réttindi einstaklings og greiði lífeyri sem samsvarar tryggingatímabili.
- Að aðildarríki greiði ellilífeyri í samræmi við tryggingaskrá/tímabil viðkomandi einstaklings, þegar aldri hefur verið náð.



Mismunandi lífeyriskerfi á milli landa sem skapa oft flækjur

- Ástæða mismunandi regluverk í hverju landi fyrir sig, t.d.:
 - Almannatryggingakerfi sem byggjast á búsetu.
 - Almannatryggingakerfi sem byggjast á iðgjaldsgreiðslum.
 - Mismunandi skilyrði fyrir örorku á milli landa.
 - Mismunandi eftirlaunaaldur á milli landa.



Áhrif búsetu erlendis (innan EES) á ellilífeyrisréttindi á Íslandi

- Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem hafa búið á Íslandi í a.m.k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs.
- Fullur réttur á Íslandi miðast við 40 ára búsetu á aldrinum 16 – 67 ára.
- Réttur þeirra sem hafa búið hér skemur er reiknaður út hlutfallslega.



Fjöldi búsetuára á Íslandi 16 - 67 ára	Áunninn réttur	Áunninn réttur ef búseta í öðru EES landi + Íslandi \geq 3 ár (þar af 1 ár á Íslandi að lágmarki)
1	0,0%	2,5%
2	0,0%	5,0%
3	7,5%	7,5%
4	10,0%	10,0%
5	12,5%	12,5%
10	25,0%	25,0%
15	37,5%	37,5%
20	50,0%	50,0%
25	62,5%	62,5%
30	75,0%	75,0%
35	87,5%	87,5%
40	100,0%	100,0%
41-51	100,0%	100,0%



Samskipti við erlendar stofnanir:

- Tryggingastofnun er samskiptastofnun sem annast m.a. móttöku umsókna og almenna milligöngu.
- Allar umsóknir á milli EES-landa fara í gegnum systur stofnanir Tryggingastofnunar.
- Samskiptaformin eru vottorð (stöðluð eyðublöð á milli landa - E-vottorð á tungumáli þess lands sem sendir vottorðið).
- Umsókn um lífeyri á milli landa getur tekið 6 mánuði upp í 1 ár (mjög misjafnt eftir löndum).




Verklag – erlend mál

Ferli umsókna milli landa

Anna Elísabet Sæmundsdóttir





Umsókn berst til TR

1. Afla upplýsinga um tryggingatímabil

- Þjóðskrá segir til um búsetutímabil á Íslandi.
- Iðgjaldatímabil sótt til lífeyrissjóðanna.

2. Búsettur á Íslandi

- Misjafn aldur umsækjanda, algengur aldur 65 ára.
- Útbúa umsókn E202/ E204.
- Útbúa tryggingavottorð E 205 (upplýsingablað um tryggingatímabil hér á landi).



Umsókn berst – búsettur á Íslandi

- Umsókn (E202) og tryggingavottorð (E205) sent til viðeigandi landa.
- Misjafn afgreiðslutími milli landa – oft kalla lönd eftir viðbótargögnum frá umsóknaraðila.
- Afrit af úrskurði berst TR (E210) ásamt tryggingavottorði (E205) frá viðkomandi landi.
- TR skoðar tryggingavottorð og athugar hvort að það sé samræmi á milli landa.
- TR skráir upphæð erlends lífeyris.



Umsókn berst – búsettur erlendis

- Umsókn berst E202/E204.
- Yfirlit yfir tryggingatímabil kemur með umsókn E205.
- TR ber saman tryggingatímabil á Íslandi við búsetutímabil í öðru landi.
- Ef búseta er meira en 1 ár (réttur til staðar)– kallað eftir gögnum.
- Ef búseta er minni en 1 ár – synjað.
- TR áframsendir umsókn á lífeyrissjóði – tímalengd skiptir ekki máli.



Af hverju þarf TR upplýsingar um iðgjöld?

- Kerfi mismunandi eftir löndum – stofnanir í Svíþjóð og Noregi sjá um bæði búsetu- og starfstengdan lífeyri.
- Ekki hægt að vera tryggður í tveimur löndum samtímis.
- Ekki gerður greinarmunur á búsetu- eða starfstengdum lífeyri við ákvörðun á réttindum.
- Notað til að ákvarða hvar viðkomandi er tryggður.



Einstaklingur með búsetu erlendis en lífeyrishiðgjöld á Íslandi

E 205

IS

Frá		til		Ár	Mánuðir	Dagar	Ár	Mánuðir	Dagar
		<i>16.12.1972</i>	<i>16.07.1984</i>				<i>11</i>	<i>7</i>	
		<i>25.08.1992</i>	<i>30.07.2001</i>				<i>8</i>	<i>11</i>	<i>5</i>
<i>01.02.1982</i>	<i>31.05.1983</i>	<i>10.11.2002</i>	<i>01.07.2015</i>	<i>1</i>	<i>4</i>		<i>12</i>	<i>7</i>	<i>21</i>
<i>01.01.1984</i>	<i>31.05.1984</i>				<i>5</i>				
<i>01.01.1985</i>	<i>31.05.1987</i>			<i>2</i>	<i>5</i>				
<i>01.08.1988</i>	<i>30.06.1990</i>			<i>1</i>	<i>10</i>	<i>29</i>			
<i>01.08.1992</i>	<i>30.06.2015</i>			<i>22</i>	<i>10</i>	<i>29</i>			

Búsettur í Noregi
1984 – 1992
2001 – 2002
eða tæplega 9 ár.
Norðmenn draga frá tímabil ef greidd eru iðgjöld á Íslandi fyrir sama tíma og úrskurða 4 ár til viðkomandi.

Erlendar lífeyrisgreiðslur

TR sundurgreinir erlendar lífeyristekjur eftir hvernig þær eru tilkomnar:

- Ef greiðslur eru tilkomnar eingöngu vegna búsetu - grunnlífeyrir sem hefur ekki áhrif á greiðslur frá TR.
- Ef greiðslur eru tilkomnar vegna iðgjalda eða vegna viðmiða við fyrri tekjur þá er litið svo á að um skyldubundin atvinnutengdan lífeyrissjóð sé að ræða.



Afgreiðsla umsóknar

Ef réttur er til staðar óskar TR eftir upplýsingum um tekjur frá umsóknaraðila, t.d.:

- Greiðsluseðil sem sýnir fram á hvað sé verið að greiða.
 - Tilläggspension, Inkomstpension, inkomstrelaterad eru dæmi um lífeyri sem er atvinnutengdur.
 - Grunnpension, Garantipension eru dæmi um lífeyri sem er byggður á búsetu.



Afgreiðsla umsóknar – Jón búsettur í Svíþjóð

Jón bjó 16 ár, 2 mánuði og 17 daga á Íslandi á aldrinum 16 – 67 ára eða 16,21 ár.

- $16,21 / 40 * 100 = 40,53\%$ réttur.
- Fær um 48.576 SEK í inkomstpension (hefur áhrif eins og lífeyrissjóður).
- Fær um 18.900 SEK í garantipension (hefur ekki áhrif).
- Áætlað gengi sænsku krónunnar 2018 er 12,91 sem gera 627.116 kr. á ári.
- Íslenskur lífeyrissjóður er 32.269 kr. á ári.
- Samtals tekjur til útreiknings lífeyris er 659.386 kr.



Afgreiðsla umsóknar – Jón búsettur í Svíþjóð

Lífeyrissjóðstekjur	659.386
Frítækjumark	300.000
Tekjur til útreiknings	359.386
Til lækkunar 45%	161.724
Lækkun á mánuði v/tekna	13.477
Fullur ellilífeyri	239.484
Með tekjulækkun	226.007
40,53% réttur	91.601

Jón fær tilkynningu um að lífeyri hans sé 91.601 kr. á mánuði. Að auki er sendur úrskurður til stofnunar (E210) og yfirlit yfir tryggingatímabil (E205).



Afgreiðsla umsókna - Jóna búsett á Íslandi

TR móttækur E210 og E205 frá Svíþjóð.

- Hvaða tekjur er Jóna með? Inkomstpension eða garantipension.
- Ef Jóna er á lífeyri hjá TR þá eru tekjur skráðar í tekjuáætlun í samræmi við eðli tekna.
- Jóna fær tilkynningu um að erlendan kærufrest og að TR hafi endurreiknað greiðslur (ef við á).



EESSI – rafræn skipti á umsóknum og upplýsingum milli landa

- Í dag ferðast E-skjölin með flugvélum/lestum/skipum á milli landi.
- Vinna komin vel á veg með að gögn fari rafrænt á milli landa.
- TR mun þá tengjast miðlægum grunni ESB og sækir og sendir umsóknir þangað.
- TR er verkefnastjóri verkefnisins á Íslandi en Vinnumálastofnun og Sjúkratryggingar koma einnig að þessu verkefni.
- Gert er ráð fyrir að prófanir hefjist í vor. Íslensku stofnanirnar stefna að því að vera tilbúnar í lok 2018.



Samvinna TR og lífeyrissjóða

- Lífeyrissjóðir hluti af evrópska lífeyriskerfinu.
- Tryggingastofnun er tengistofnun á Íslandi fyrir umsóknir.
- Nauðsynlegt að fá upplýsingar um iðgjöld við úrvinnslu mála.
- Tímafrekt fyrir alla að sýsla með upplýsingar um iðgjöld handvirkt.
- Vefþjónusta með iðgjaldaupplýsingum.



Samvinna TR og lífeyrissjóða - framhald

- Signet transfer
- TR stefnir á að byrja í mars að nota signet transfer til að senda umsóknir og móttaka iðgjaldaupplýsingar.



Fjöldi aðila með erlendar tekjur

Erlendis búsettir (EB)

Árið 2007 = 1491


Árið 2017 = 2367

Hérlendis búsettir m/erlendar tekjur (ET)

Árið 2007 = 643

Árið 2017 = 2258

Fjöldi aðila með erlendar tekjur



Takk fyrir okkur

Hægt að senda fyrirspurnir á:

erlendmal@tr.is

